

✉ Re: ósk um umsögn Krosseyri Geirþjófsfjörður

Búið til	24.5.2022 14:07:10
Höfundur	Lovísa Ásbjörnsdóttir
Sent	24.5.2022 14:07:08
Tilheyrir	📁 202205-0018 - Umsögn Krosseyri Geirþjófsfjörður

Efni

Re: ósk um umsögn Krosseyri Geirþjófsfjörður

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	24.5.2022 14:07:08	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Lovísa Guðrún Ásbjörnsdóttir - NI (Lovisa.G.Asbjornsdottir@ni.is)
Til	oskar@landmotun.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í mál nr. 202205-0018

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Vesturbyggðar, dags. 10. maí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að deiliskipulagi Krosseyrar í Geirþjófsfirði.

Geirþjófsfjörður er á náttúruminjaskrá sem aðrar náttúruminjar og á vef Umhverfisstofnunar stendur: *310. Geirþjófsfjörður, Vesturbyggð (áður Bíldudalshr.), V-Barðastrandarsýslu. (1) Geirþjófsfjörður innan Krosseyrartanga og Ófæruneess. Að norðan ráða sýslumörk, að suðaustan hreppamörk og vatnaskil að sunnan. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.*

Þá er Geirþjófsfjörður að hluta innan fyrirhugaðs þjóðgarðs á Vestfjörðum en mörk hans ná ekki að Krosseyri (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/thjodgardur-a-vestfjordum/>) (<https://ust.is/nattura/fridlysingar/fridlysingar-i-vinnslu/thjodgardur-a-vestfjordum/>)).

Um er að ræða uppbyggingu á Heilsusetri "þar sem fólk getur komist frá því ysi og þysi sem er í nútímasamfélagi og notið kyrrðar og friðsældar í þessu einangraða og sérstaka umhverfi" eins og stendur í deiliskipulaginu. Gert er ráð fyrir vistvænni hönnun og byggingum á svæðinu.

Á Krosseyri er í dag 77 m² íbúðarhús, en í nýju deiliskipulagi er gert ráð fyrir átta byggingareitum, samtals 4,7 ha. Mörk deiliskipulags er sögð vera um 4,2 ha, en eru nær 15 ha að stærð og jörðin í heild er rúmlega 9 km². Í deiliskipulaginu verður heimilt að stækka núverandi íbúðarhús í allt að 200 m², byggja fjögur lítil gistihús (80 m²), tvö frístundahús (240 m²) og tvö bátaskýli (100 m²). Samkvæmt þessu verður leyfilegt að reisa byggingar allt að 620 m². Sett eru skilyrði um að mænishæð húsa megi ekki vera meiri en 6 m frá botnplötu, en byggingareitir ná upp í hlíðar fjallsins í allt að 60 m hæð yfir sjávarmáli.

Fram kemur að neysluvatn verður sótt í lind innan svæðisins og að frárennsli verði í sameiginlegu hreinsivirki, en ekki er fjallað um framkvæmd þessara þátta. Ekki kemur fram áætlaður hámarksfjöldi gistirýma í heilsusetrinu. Umfjöllun um samgöngur vantar í deiliskipulagið, en gert er ráð fyrir flotbryggju við Krosseyri. Þá vantar umfjöllun um raflagnir, fjarskiptasamband, og losun sorps. Eins væri þörf á að fjalla um hættumat varðandi sjávarflóð, snjóflóð eða skriðuföll í deiliskipulaginu.

Svæðið er í dag lítt raskað og sjá má mannvistaleifar innan svæðisins.

Deiliskipulagið boðar mikla uppbyggingu á Krosseyri sem mun raska gróðri, ásamt því að hafa varanleg áhrif á ásýnd svæðisins og landslag þar sem eyrin er vel sýnileg frá mörgum stöðum við Suðurfirði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við tillögu að deiliskipulagi fyrir Krosseyri en áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins gerist þörf á því.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500.

www.ni.is (<https://eur01.safelinks.protection.outlook.com/?url=http%3A%2F%2Fwww.ni.is%2F&data=04%7C01%7Csigmar.metusalemsson%40efla.is%7C84a7452e3a304557d78408d997b9123a%7C2335d9ba1c704058a8ae0dbf4f1d91c5%7C1%7C1%7C637707643402188605%7CUnknown%7CTWFpbGZsb3d8eyJWljojMC4wLjAwMDAiLCJQIjoiV2luMzliLCJBTiI6Ikk1haWwiLCJXVCi6Mn0%3D%7C3000&sdata=ILEjdR0Hqll1ckP%2FSWTUnR3sqdR6LQvynkSLRNy%2BdfM%3D&reserved=0>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Óskar Örn Gunnarsson" <oskar@landmotun.is>

To: "ust@ust.is" <ust@ust.is>; "Magnús A. Sigurðsson" <magnus@minjastofnun.is>; "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>; "eftirlit@hevf.is" <eftirlit@hevf.is>

CC: "elfar@vesturbyggd.is" <elfar@vesturbyggd.is>

Subject: ósk um umsögn Krosseyri Geirþjófsfjörður

Date: 10.5.2022 10:26:31

Góðan daginn

Óskað er umsagnar um meðfylgjandi tillögu að deiliskipulagi Krosseyrar.

Með kveðju

Óskar Örn Gunnarsson

Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

Viðhengi

image001.png (11 KB)